

## **Skýrsla viðræðuhóps um löggæslu í Reykjavík**

**Mars 2006**

## EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>ÁHERSLUATRÍÐI Í STARFI VINNUHÓPSINS OG TILLÖGUR UM AÐGERÐIR</b> .....	<b>4</b>
AÐGERÐIR VEGNA STÖÐU MÁLA Í MIÐBORGinni .....	4
AÐGERÐIR VEGNA NEIKVÆÐRAR HEGÐUNAR UNGLINGA, GEGN VEGGJAKROTI O.P.H. ....	4
AÐGERÐIR TIL AÐ AUKA OG EFLA ÖRYGGI Í HVERFUM BORGARINNAR, GRENNDARLÖGGÆSLA / HVERFALÖGGÆSLA OG SÝNILEG LÖGGÆSLA.....	5
AÐGERÐIR VEGNA UMFERÐARMÁLA OG STARFSADSTÖÐU LÖGREGLU .....	5
AÐRAR AÐGERÐIR OG TILLÖGUR VINNUHÓPSINS .....	5
<b>TILLÖGUR UM NÆSTU SKREF</b> .....	<b>6</b>
<b>VIÐAUKI I</b> .....	<b>7</b>
ÁBYRGÐ Á FRUMKVÆÐI, FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNI: .....	7

## Inngangur

Í ágúst 2003 skipaði Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra viðræðuhóp um löggæslumálefni í Reykjavík. Í hópinn voru skipaðir Þorsteinn Davíðsson aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, Böövar Bragason lögreglustjóri í Reykjavík, Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri í Reykjavík og Stefán Eiríksson skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður.

Megintilefni skipunar hópsins var kynnt í bréfi dóms- og kirkjumálaráðherra til borgarstjórans í Reykjavík 4. júní 2003. Þar kemur m.a. fram að nokkur umræða hafi orðið um samskipti borgaryfirvalda og lögreglunnar í Reykjavík og nauðsyn þess að tryggja öryggi borgarbúa sem best í samvinnu þessara aðila. Kynnti ráðherra þar það mat sitt að nauðsynlegt væri að fram færu viðræður undir forystu ráðuneytisins um það, hvaða leiðir væru skynsamlegastar til að ná sameiginlegum markmiðum á þessu sviði, enda væru þau skilgreind í slíkum viðræðum. Nefnt var sérstaklega í áður nefndu bréfið að hugað skyldi að þáttum eins og að gera löggæsluna sýnilegri, miðborgardeild í samvinnu við félagasamtök og hagsmunaaðila, löggæslu í úthverfum borgarinnar og upprætingu fíkniefnavandans. Jafnframt var tekið fram að í viðræðunum yrði ekki hróflað við verkaskiptingu ríkis og borgar varðandi stjórn á lögreglumálefnum. Kæmi til samstarfsverkefna sem krefjist greiðslna utan lögbundins ramma einhvers aðila viðræðnanna, yrði kostnaður vegna þeirra borinn af þeim, sem heimild hafi til greiðslu þess kostnaðar.

Viðræðuhópurinn hóf störf í byrjun september sama ár. Hann fundaði reglulega í upphafi starfsferils síns og á fyrstu fundum hans voru helstu áhersluatriði af hálfu nefndarmanna kortlögð auk þess sem farið var yfir með hvaða hætti samstarfi lögreglu og borgaryfirvalda væri háttað. Sérfræðingar hjá lögreglunni í Reykjavík og hjá Reykjavíkurborg unnu í kjölfarið yfirlit yfir þessi atriði, stöðu þeirra, þróun og tillögur um næstu skref. Nefndin fundaði einnig sérstaklega með slökkviliðsstjóra slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins þar sem farið var yfir samstarfsverkefni á sviði almannavarna og björgunarmála og farið var yfir hvernig samstarfi lögreglu og borgaryfirvalda við foreldrafélög og aðra aðila í hverfum borgarinnar væri háttað. Á fundum vinnuhópsins var einnig fjallað sérstaklega um mál á borð við skipulagningu löggæslu og öryggismála í tengslum við stóra viðburði á borð við þjóðhátíð og menningarnótt, sáttamiðlun og breytingar á þjónustu lögreglu og borgaryfirvalda og þróun hennar. Frá því að nefndin var skipuð hefur hún fundað alls tíu sinnum.

Viðræðuhópurinn hefur frá upphafi verið vettvangur skoðanaskipta milli lögreglu og borgaryfirvalda um löggæslumál í Reykjavík með aðkomu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, þar sem ræddar hafa verið hugmyndir um aðgerðir til eflingar og styrkingar samvinnu um öryggis- og löggæslumál í borginni. Starf viðræðuhópsins hefur verið mikilvæg viðbót við annað samstarf þessara aðila og falið í sér styrkingu þess á öllum sviðum.

Í þessari skýrslu til dóms- og kirkjumálaráðherra er gerð nánari grein fyrir starfi nefndarinnar, þeim árangri sem orðið hefur af starfi hennar og samstarfi lögreglu og borgaryfirvalda á umræddum tíma auk þess sem tillögur eru gerðar um aukið og áframhaldandi samstarf þessara aðila.

## Áhersluatriði í starfi vinnuhópsins og tillögur um aðgerðir

Eins og áður sagði kortlagði vinnuhópurinn helstu áhersluatriði í starfi sínu á fyrstu fundunum og fór í kjölfarið yfir hvernig unnt væri að efla og styrkja samstarf í því skyni að ná betri árangri á umræddum sviðum. Þau atriði sem nefndarmenn tiltóku sérstaklega og farið var yfir voru:

1. Efling miðborgargæslu um helgar.
2. Aðgerðir gegn veggjakroti o.fl. þess háttar.
3. Samstarf um úrræði gegn neikvæðri hópamyndun unglinga.
4. Samstarf lögreglu og slökkviliðs um almannavarnir og öryggismál almennt.
5. Upplýsingamiðlun um þróun afbrota og samstarf við lögreglu við þá aðila innan borgarkerfisins, sem sinna sérstaklega málum, er snerta einstök afbrotasvið.
6. Aðgerðir gegn unglingadrykkju.
7. Löggæsla í úthverfum og grenndarlöggæsla.
8. Aðgerðir gegn fíkniefnavanda.
9. Starfsaðstaða lögreglu innan borgarinnar og samstarf á sviði umferðarmála.
10. Sýnileg löggæsla.

Farið var yfir stöðu allra framangreindra mála og kallað í því skyni eftir upplýsingum frá sérfræðingum lögreglunnar og Reykjavíkurborgar, eins og áður segir. Meðal annars var skoðað með hvaða hætti samstarfi þessara aðila er háttað í dag og hvað þurfi að gera til að efla samstarf og samvinnu aðila á framangreindum sviðum. Ljóst er að lögregla og borgaryfirvöld hafa með sér víðtækt samráð á fjölmörgum sviðum í dag, sem gefist hefur vel í öllum meginatriðum. Starfandi er samstarfsnefnd um löggæslumálefni eins og kveðið er á um í lögreglulögum auk þess sem margvíslegt samstarf er í gangi á ýmsum afmörkuðum sviðum, m.a. um afbrota- og fíkniefnavarnir og fleira.

Ýmsar hugmyndir og tillögur um samstarf og verkefni komu fram í þeirri vinnu sem ráðist var í að undirlagi vinnuhópsins, og hefur sumum þeirra þegar verið hrint í framkvæmd með einum eða öðrum hætti. Þar sem leiðir til úrbóta í framangreindum áhersluatriðum eru að ákveðnu marki sameiginlegar fyrir fleiri en einn flokk leggur nefndin til að gripið verði til eftirtalinna aðgerða undir nokkrum yfirflokkum:

### ***Aðgerðir vegna stöðu mála í miðborginni***

- Samvinna lögreglu og borgaryfirvalda verði aukin, m.a. með óeinkennisklæddu eftirliti lögreglu í samvinnu við starfsmenn borgarinnar, bæði starfsmenn ÍTR og þjónustumiðstöðva.
- Eftirlitsmyndavélum í miðborginni verði fjölgað.
- Komið verði á föstum samráðsvettvangi lögreglu og borgaryfirvalda þar sem farið verði reglulega yfir stöðu mála í miðborginni. Eitt af fyrstu verkum þess hóps er að fara yfir greinargerð starfshóps um úrbætur í veitingamálum frá árinu 2001 og vinna að frekari framgangi þeirra tillagna um öryggismál sem þar er að finna og gera tillögur um hugsanlegar breytingar á lögum og/eða reglugerðum.
- Efla þarf og auka samstarf lögreglu við dyravefði á skemmtistöðum í miðborginni í því skyni að auka öryggi og styttu viðbragðstíma þegar upp koma vandamál.

### ***Aðgerðir vegna neikvæðrar hegðunar unglinga, gegn veggjakroti o.þ.h.***

- Koma þarf á formlegu samstarfi með samstarfssamningi eins og nú er á milli lögreglu og þjónustumiðstöðva í Grafarvogi og Breiðholti í öðrum hverfum borgarinnar.

Sambærileg úrræði og Hringurinn í Grafarvogi og Breiðholti þurfa að vera til staðar í fleiri hverfum borgarinnar.

- Efla þarf samvinnu lögreglu og þjónustumiðstöðva við foreldrafélög í grunnskólum og virkja þá aðila til forvarnastarfa, sbr. forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.
- Auka þarf upplýsingamiðlun milli barnaverndaryfirvalda, þjónustumiðstöðva og lögreglu þannig að á báða bóga verði unnt að grípa fyrir til aðgerða og greina óæskilega þróun í unglingshópum.

### ***Aðgerðir til að auka og efla öryggi í hverfum borgarinnar, grenndarlöggæsla / hverfalöggæsla og sýnileg löggæsla***

- Hverfalöggæsla verði þróuð áfram í hverfum borgarinnar og í nánnum tengslum við þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar.
- Unnið verði að skipulagningu nágrannavörslu í náninni samvinnu við borgaryfirvöld og viðeigandi hverfisfélög. Stutt verði við þá tilraun sem er hafin á vegum Þjónustu- og rekstrarsviðs og Lögreglunnar í Reykjavík um nágrannavörslu í borginni þar sem lögregla og borgaryfirvöld standa sameiginlega að námskeiðum um þetta efni í hverju þjónustuhverfi borgarinnar.
- Unnið verði að því að efla sýnileika lögreglu með því að auka viðveru hennar í hverfum borgarinnar, efna til funda reglulega í hverfum borgarinnar þar sem farið verði yfir helstu leiðir til að koma í veg fyrir afbrot og efla tengsl hennar við borgarbúa með því að nýta upplýsingatækni til að miðla upplýsingum og taka við ábendingum frá borgurum.
- Borgaryfirvöld og lögregla sjái til þess að eigendur mannlausra húsa gangi þannig frá eignum sínum að ekki ógni öryggi annarra vegna hústöku eða af öðrum ástæðum.

### ***Aðgerðir vegna umferðarmála og starfsaðstöðu lögreglu***

- Tryggt verði að borgaryfirvöld og vegagerðin hafi ávallt samráð við lögreglu þegar mótaðar eru tillögur og hugmyndir um vegakerfi og umferðarmannvirki, til að tryggja að sjónarmið lögreglu um starfsaðstöðu og umferðaröryggi liggi fyrir tímanlega.
- Eftirlitsmyndavélum (upptökuvélum) verði komið fyrir á öllum stærstu gatnamótum í höfuðborginni.
- Hraðaskiltum (sem sýna hámarkshraða og mældan hraða) verði komið fyrir víðar í borginni, einkum í íbúðahverfum og í nágrenni skóla.

### ***Aðrar aðgerðir og tillögur vinnuhópsins***

- Borgaryfirvöld og lögregla þrói sameiginlega úrræði til að taka á vandamálum og áhættuhegðun. Sem dæmi má nefna námskeið um samskipti nágretta þar sem farið yrði yfir aðferðir til að leysa nágrettaerjur, námskeið vegna heimilisofbeldis fyrir þolendur og eftir atvikum stuðningsmeðferð fyrir gerendur og námskeið eða stuðning fyrir börn sem leiðst hafa út í neyslu áfengis eða reykingar.

## Tillögur um næstu skref

Viðræðuhópur um löggæslu í Reykjavík er skipaður æðstu yfirmönnum lögreglunnar í Reykjavík, fulltrúum meirihluta og minnihluta í borgarstjórn Reykjavíkur og stýrt af ftr. dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í því ljósi er viðræðuhópnum ekkert að vanbúnaði að hrinda framangreindum tillögum um aðgerðir í framkvæmd, að því marki sem tillögurnar kalla ekki á meiriháttar útgjöld eða fela í sér grundvallarbreytingar að öðru leyti. Á það einkum við um tillögur um kaup og uppsetningu á öryggismyndavélum í miðborginni og á stærstu gatnamótum, sem fyrirsjáanlega er kostnaðarsamt. Öðrum tillögum ætti að vera unnt að hrinda í framkvæmd án mikils tilkostnaðar eða þróa nánar áfram sameiginlega af hálfu lögreglu og borgaryfirvalda.

Viðræðuhópurinn leggur til að hann starfi áfram sem sameiginlegur vettvangur þeirra þriggja aðila sem hópurinn skipa, bæði í því skyni að fylgja því eftir að framangreindar tillögur komist til framkvæmdar og jafnframt til að vera vettvangur til viðræðna um önnur atriði eftir eignum og aðstæðum hverju sinni.

Viðræðuhópnum er kunnugt um fyrirliggjandi tillögur dóms- og kirkjumálaráðherra um breytingar á skipulagi lögreglumála, þar sem m.a. er gert ráð fyrir sameiningu lögregluliðanna á höfuðborgarsvæðinu. Að mati viðræðuhópsins er þar um jákvætt skref að ræða fyrir löggæslu og skipulag hennar á svæðinu öllu enda leiði hún aukinnar og enn sýnilegri löggæslu í öllum hverfum borgarinnar og í miðborginni sérstaklega, til að auka öryggi borgarbúa. Í ljósi stærðar og sérstöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar telur hópurinn engu að síður mikilvægt að viðhalda þeim samráðsvettvangi sem viðræðuhópurinn er gangi sameining lögreglu á höfuðborgarsvæðinu eftir.

Reykjavík, 28. mars 2006

Stefán Eiríksson

Þorsteinn Davíðsson

Dagur B. Eggertsson

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Böðvar Bragason

Ingimundur Einarsson

## Viðauki I

### *Ábyrgð á frumkvæði, framkvæmd og eftirfylgni:*

Hlutverk dóms- og kirkjumálaráðuneytis er eftirfarandi:

- Ber heildarábyrgð á því að tillögum og hugmyndum nefndarinnar sé hrint í framkvæmd.

Hlutverk borgaryfirvalda er eftirfarandi:

- Ber ásamt lögreglunni ábyrgð á því að þróa óeinkennisklætt og sameiginlegt eftirlit í miðborginni.
- Ber ásamt lögreglunni ábyrgð á því að setja á laggirnar samráðsvettvang um málefni miðborgarinnar, sem m.a. skal fara yfir og stuðla að frekari framgangi tillagna um úrbætur í veitingamálum.
- Ber ásamt lögreglunni ábyrgð á því að koma á samstarfi milli lögreglu og þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar.
- Ber ábyrgð á því ásamt lögreglunni að efla samvinnu við foreldrafélög.
- Ber ábyrgð á því í samvinnu við lögreglu að auka og efla upplýsingamiðlun milli barnaverndaryfirvalda, þjónustumiðstöðva og lögreglu þannig að unnt verði að grípa fyrir til aðgerða og greina óæskilega þróun í unglingshópum.
- Ber ábyrgð á því að gengið verði á eftir því gagnvart eigendum mannláusra húsa að frágangur þeirra sé viðunandi.
- Ber ábyrgð á því að samráð verði haft við lögreglu bæði af hálfu borgaryfirvalda og vegagerðar vegna þróunar umferðarmannvirkja.
- Ber ábyrgð á því ásamt lögreglunni að móta stefnu um fjölgun eftirlitsmyndavéla í borginni.
- Ber ábyrgð á uppsetningu hraðaviðvörðunarskilta víðar í borginni.
- Ber ábyrgð á því í samvinnu við lögreglu að þróa sameiginleg úrræði til að taka á sérgreindum vandamálum og áhættuhegðun.

Hlutverk lögreglustjórans í Reykjavík er eftirfarandi:

- Ber ásamt borgaryfirvöldum ábyrgð á því að þróa einkennisklætt og sameiginlegt eftirlit í miðborginni.
- Ber ásamt borgaryfirvöldum ábyrgð á því að setja á laggirnar samráðsvettvang um málefni miðborgarinnar, sem m.a. skal fara yfir og stuðla að frekari framgangi tillagna um úrbætur í veitingamálum.
- Ber ábyrgð á því að efla og styrkja samstarf við dyraverði á skemmtistöðum.
- Ber ásamt borgaryfirvöldum ábyrgð á því að koma á samstarfi milli lögreglu og þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar.
- Ber ásamt borgaryfirvöldum ábyrgð á því að efla samvinnu við foreldrafélög.
- Ber ábyrgð á þróun hverfalöggæslu í hverfum borgarinnar.
- Ber ábyrgð á tilraunaverkefni um nágrannavörslu í samvinnu við borgaryfirvöld.
- Ber ábyrgð á því að auka sýnileika lögreglu.
- Ber ábyrgð á því að koma upplýsingum til borgaryfirvalda/eiganda um ástand mannláusra húsa og annarra eigna sem ógnað geta öryggi.
- Ber ábyrgð á því ásamt borgaryfirvöldum að móta stefnu um fjölgun eftirlitsmyndavéla í borginni.